



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

Hvatning forseta Íslands til ungra Íslendinga afhent ungmennum í Laugagerðisskóla, Ólafsvík og Stykkishólmi

Í opinberri heimsókn forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 3. og 4. október 2000 hlutu 16 ungmenni „Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.” Þau sem hlutu hvatningu eru:

Laugagerðisskóli:

Guðmundur Margeir Skúlason 14 ára frá Hallkelsstaðahlíð hefur sýnt frábæran árangur í íþróttum. Hann var fyrstur í sínum aldursflokk í kúluvarpi á ÍR-mótinu á liðnum vetri og einnig Íslandsmeistari í kúluvarpi innanhúss auk þess að vera héraðsmeistari í sinni heimabyggð í fleiri íþróttagreinum. Guðmundur hefur einnig reynst góður hestamaður og unnið verðlaun á þeim vettvangi.

Gunnhildur Jónsdóttir 12 ára frá Kolviðarnesi hefur reynst vera mikill námsmaður og samviskusöm í öllum greinum og er árangur hennar í stærðfræði sérstaklega athyglisverður. Gunnhildur hefur einnig náð góðum árangri í íþróttum einkum hlaupum og sundi.

Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir 12 ára frá Hraunsmúla hefur staðið sig einstaklega vel í námi og hlotið verðlaun fyrir frábæran árangur. Hæfileikar hennar njóta sín við allar námsgreinar.

Í Ólafsvík

Daði Hjálmarsson 14 ára frá Rifi hefur sýnt einstakt hugrekki og dugnað þrátt fyrir mjög erfið veikindi. Meðan hann gekkst undir meðferð var hann í daglegu sambandi við bekkjarsystkini sín og kennara með fjarskiptabúnaði frá sjúkrahúsinu og lét dvöl sína þar ekki raska sinni ró eða góðu samabandi við vini og félagu í heimabyggð. Daði hefur sýnt mikið æðruleysi og verið yfirvegaður í allri framkomu. Hann er ekki aðeins jafnöldrum sínum heldur okkur öllum til fyrirmyndar þegar erfiðleika ber að garði.

Gyða Kristjánsdóttir 11 ára frá Ölkeldu hefur sýnt með framgöngu sinni, ljúfu viðmóti og góðri skapgerð hvernig hægt er að hafa áhrif á allt sitt umhverfi ásamt því að ná góðum árangri bæði í námi og íþróttum.

Hallmar Reimarsson 16 ára frá Ólafsvík hefur þrátt fyrir mikla erfiðleika og alvarleg veikindi sem hann hefur þurft að glíma við um langa hríð sýnt mikið æðruleysi, kjark og dugnað. Hallmar hefur orðið að gangast undir mjög erfiða læknismeðferð og langvarandi glímu við erfið veikindi en þrátt fyrir það einkennir bjartsýni viðhorf hans. Um leið og við þökkum honum fyrir það fordæmi sem hann hefur sýnt óskum við honum alls hins besta í framtíðinni.

Jóhanna Ósk Baldvinsdóttir 16 ára frá Ólafsvík hefur ætíð verið afburðanemandi og skilað frábærum námsárangri. Hún hefur stundað nám í Tónlistarskóla Ólafsvíkur og leikur einnig með lúðrasveit Snæfellsbæjar. Jóhanna hefur einnig tekið virkan þátt í starfi leikfélagsins og á margvíslegan hátt sýnt góða hæfileika.

Kristín Lilja Friðriksdóttir 15 ára frá Grundarfirði hefur náð góðum árangri í námi og íþróttum og sýnt mikinn félagslegan þroska ásamt því að standa sig vel í tónlistarnámi.

Sóley Fjalarsdóttir 16 ára frá Hellissandi er mjög samviskusamur nemandi sem einnig hefur náð góðum árangri í íþróttum. Sóley hefur verið í landsliðsúrvali í kvennakkattspyrnu unglunga en einnig keppt í hlaupum, stökki og spjótkaсти bæði fyrir heimafélag sitt á Hellissandi og héraðssambandið.

Sædis Alda Karlsdóttir 12 ára frá Grundarfirði hefur náð góðum árangri í íþróttum og sýnt mjög glaðlega, jákvæða og skemmtilega framkomu og félagslegan þroska ásamt því að skila góðum árangri í námi.

Porkell Máni Þorkellsson 15 ára frá Grundarfirði hefur sýnt mjög góða tónlistarhæfileika. Hann hefur útsett lög og stundar nám bæði á hljómborð og orgel janfhlíða því að vera virkur þátttakandi í félagslífi og skilað góðum árangri á öðrum sviðum í námi sínu.

Í Stykkishólmi:

Guðni Heiðar Valentínusson 15 ára frá Stykkishólmi hefur sýnt frábæran árangur í íþróttum. Hann hefur æft og keppt í frjálsum íþróttum um langa hríð. Þótt hann hafi fyrrum átt við erfið veikindi að stríða og verið langdvölum á sjúkrahúsi hefur hann ekki látið það aftra sér frá því að skila góðum árangri bæði í íþróttum og á öðrum sviðum. Hann lék í fyrra með úrvalsdeildaliði Snæfellsness í körfubolta og í sumar í drengjalandsliði Íslands.

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir 16 ára frá Stykkishólmi hefur ætíð verið til fyrirmyndar í námi og félagsstörfum ásamt því að æfa íþróttir frá ungum aldri og ná góðum árangri á því sviði. Hún hefur verið í hópi bestu frjálsíþróttamanna í sínum aldursflokki og lék fyrr á þessu ári með unglíngalandsliði Íslands í körfuknattleik á Smáþjóðaleikunum. Hrefna Dögg hefur einnig stundað tónlistarnám með góðum árangri og verið í forystu í starfi skátahreifyngarinnar í Stykkishólmi.

Jóhanna Ómarsdóttir 17 ára frá Stykkishólmi hefur þrátt fyrir örorku sína og mikil veikindi sýnt hvernig kjarkur og atorka geta skilað góðum árangri. Hún hefur stundað nám sitt með þryði og tekið virkan þátt í félagslífi skólans. Með eljusemi, iðni og meðfæddum hæfileikum hefur Jóhanna náð góðum árangri í píanóleik og tónlistarnámi og er ágætt dæmi um einstakling sem tekst að ná markmiðum sínum þrátt fyrir að leiðin að þeim sé ekki greið.

Lára María Harðardóttir 16 ára frá Stykkishólmi hefur alla sína skólagöngu verið góður nemandi og náð frábærum árangri á mörgum sviðum eins og til dæmis í stærðfræði ásamt því að vera virk í skátastarfi og stundað nám bæði í píanóleik og á blásturshljóðfæri.

Rúnar Ólason 14 ára frá Stykkishólmi glímir við alvarlegan nýrnasjúkdóm og hefur þurft að leggja mikið á sig til þess að lifa eðlilegu lífi. Hann hefur sýnt mikið æðruleysi í veikindum sínum og verið öðrum fyrirmynd í því hvernig hægt er með bjartsýni og vilja að horfa björtum augum til framtíðar þótt á móti blási. Um leið og við óskum honum allra heilla þökkum við honum fyrir að vera okkur hinum fyrirmynd í þessum efnunum.

